



Bókun umbótar vegna ársreiknings Reykjaneshæjar 2022

Umbót kemur með þá tillögu að skýring 5 vegna launa og launatengdra gjalda verði framvegis ítarlegri þannig að auðveldara sé að sjá hversu hár hluti launa eru laun stjórnenda og deildarstjóra Reykjaneshæjar, í öllum stofnunum bæjarins sem tilheyra A hluta. Við óskum eftir því að fá betri upplýsingar um skiptingu launa niður á hinar ýmsu deildir í ársreikning bæjarins. Einu aðgreiningar í ársskýrslu frá heildarlaunum upp á rúmlega 10,5 milljarða eru 107,1 milljónir króna sem er hluti bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra. Sé tekið meðaltal ársverka og heildarlauna mætti ætla að laun starfsmanna bæjarins væru tæplega 680 þúsund á mánuði.

Við óskum eftir að fá greiningu á launum sem sýnir laun leikskóla, grunnskóla, bæjarskrifstofu og aðrar deildir bæjarins. Þar væru sundurliðuð laun stjórnenda, deildarstjóra og annarra starfsmanna.

Við teljum þetta vera nauðsynlegar skýringar í ársreikningum bæjarfélaga almennt og að skýring sem þessi varpi ljósi á hvar þarf að gera breytingar.

Launakostnaður í dag er 53,46% af heildarútgjöldum bæjarins. Það þarf því ávallt að vera á vaktinni hvað varðar stærsta einstaka kostnaðarlið Reykjaneshæjar. Þrátt fyrir annars ágætis upplýsingar í opnu bókhaldi á vef bæjarins þá er þar ómögulegt að sjá hvernig þessi laun skiptast á milli stjórnenda, millistjórnenda og annarra starfsmanna.

Umbót gerir athugasemd við hversu sein skil á ársreikningi eru, að hann sé að skilast í maímánuði teljum við vera óásættanlegt.

Margrét Þórarinsdóttir (U)